

Sjöundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn fimmtudaginn 7. nóvember 2013 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlits á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Farið yfir mál sem var frestað á síðasta fundi.

1. Málefni Dalsbús ehf. Helgadal.

Mál Dalsbús ehf. vegna umsóknar um starfsleyfi voru rakin.

Heilbrigðisfulltrúa falið að gera tillögu fyrir næsta fund heilbrigðisnefndar um starfsleyfi fyrir Dalsbú ehf. í ljósi framkominna athugasemda og útistandandi krafna.

2. Slys á leikskólalóð leikskóla Seltjarnarness 2012.

Lagt fram bréf Svönu Davíðsdóttur dagsett 1. október 2013 ásamt tölvubréfi dagsettu 6. mars 2013 vegna ofangreinds máls.

Lagt fram svarbréf heilbrigðiseftirlits vegna málsins dagsett 24. október 2013.

3. Tillaga að breytingu á 7. gr. reglugerðar nr. 73/2003 um urðun úrgangs.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 8. október 2013.

Nefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna.

4. Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir GMR Endurvinnsluna ehf.

Lagt fram til kynningar bréf Umhverfisstofnunar dagsett 7. október 2013.

5. Nýr gagnagrunnur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Framkvæmdastjóri kynnti að Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið í notkun miðlægan gagnagrunn sem tengdur er við gagnabanka Umhverfisstofnunar. Grunnurinn heldur utan um eftirlit, kvartanir, rannsóknir og samskipti. Jafnframt kynnt að möguleiki er að sinna öllu eftirliti rafrænt með spjaldtölvum og hefur það gefið góða raun.

6. Málefni Mótomos Mosfellsbæ.

Lögð fram eftirfarandi bréf.

- Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til bæjarráðs Mosfellsbæjar dagsett 27. ágúst.
- Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 16. október 2013.
- Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til bæjarráðs Mosfellsbæjar dagsett 17. október 2013.
- Jafnframt lagt fram bréf framkvæmdastjóra umhverfissviðs Mosfellsbæjar dagsett 6. nóvember 2013.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Lagt fram uppfært minnisblað Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis tímalína vegna máls Mótomos dagsett 6. nóvember.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits dagsett 6. nóvember um forsögu málsins Mótomos vegna starfsleyfis fyrir starfsemi á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Lagðar voru fram tvær bókanir í málinu og var eftirfarandi tillaga samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.

„Mótomos hefur allt frá árinu 2008 haft afnot af landi Mosfellsbæjar á Leirvogstungumelum þar sem starfsemi félagsins hefur verið allar götur síðan. Á sama tíma hefur ekki verið unnt að gefa út starfsleyfi þar sem skipulagsvinnu er m.a. ekki lokið.

Í bréfi Mosfellsbæjar sem nefndinni hefur borist 07.11.2013 er svar við bréfi Heilbrigðisnefndar frá 27. ágúst 2013 og er skýrt frá því að myndaður verði starfshópur til að vinna að endurbótum á svæðinu með aðkomu bæjarins og Mótomos, óskað er eftir ráðgjöf heilbrigðiseftirlits við vinnu þessa hóps. Jafnframt kemur fram í bréfinu að deiliskipulagsvinna sé í gangi á svæðinu og í kjölfar þeirrar vinnu verði ráðist í nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. Einnig er lagt til að hljóðmælingar verði gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Skv. nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir akstursíþróttsvæði á þessum stað.

Í ljósi þessara svara samþykkir Heilbrigðisnefnd að Mótomos verði gefin frestur til úrbóta á athafnasvæði félagsins til loka árs 2014 til að vinna markvisst að því að koma aðstæðum fyrir á þann veg að félagið hafi möguleika á því að hljóta starfsleyfi.“

Eftirfarandi tillaga var felld með þremur atkvæðum gegn tveimur.

„Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis er ekki fært að breyta ákvörðun sinni frá 16. september 2008 þar sem deiliskipulag svæðisins hefur ekki farið fram og ekki hefur fengist niðurstaða gagnvart lögum um mat á umhverfisáhrifum. Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis hyggst því framfylgja banni við starfsemi félagsins á Tungumelum.

Á sama tíma bendir Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis Mótomos mótörhjólafélagi á möguleika að sækja um undanþágu frá starfsleyfi skv ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir . Þar segir: „Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að kynna Motomos mótörhjólafélagi ávörðun nefndarinnar með andmælarétti og upplýsingum um áfrýjunarleið.“

7. Fundir og ráðstefnur

- a. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn þann 28. október að Borgartúni 12-14, Reykjavík.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARVÆÐIS

- b. Haustfundur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti var haldinn dagana 28.-29. október á Hótel Reykjavík Natura. Fundargerð verður send.
- c. Fundur um tillögur starfshóps um endurskoðun samþykktar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 21. október 2013. Árni sat fundinn og kynnti efni hans.
- d. Fundargerð 100 fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 13. september 2013 var lögð fram.

Fundi slitið kl. 18:35.